

Fundargerð aðalfundar Arion banka hf.

Aðalfundur Arion banka hf. var haldinn í höfuðstöðvum bankans miðvikudaginn 12. mars 2025 og hófst fundurinn kl. 16:00. Gafst hluthöfum enn fremur kostur á að taka þátt í fundinum eingöngu með rafrænum hætti.

Setning fundar

Fundurinn hófst með því að Paul Horner, stjórnarformaður Arion banka hf., bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Lagði hann því næst til að Guðbjörg Helga Hjartardóttir, lögmaður, yrði kjörin fundarstjóri og bárust ekki athugasemdir. Tók Guðbjörg þá við fundarstjórn fundarins.

Fundarstjóri lagði því næst til að Sólveig Rún Rúnarsdóttir, starfsmaður í lögfræðiráðgjöf Arion banka hf., yrði kjörin fundarritari og bárust ekki athugasemdir. Tók fundarritari þá þegar við fundarritun.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins. Tók hann fram að boðun fundarins hefði verið með nægilegum fyrirvara í samræmi við ákvæði 88. gr. a. laga um hlutafélög og ákvæði samþykkt bankans. Fundarboð hefði verið birt í upplýsingakerfi Nasdaq sem og á heimasíðu bankans hinn 17. febrúar 2025. Þá hefði boðun til fundarins einnig verið birt í dagblaði á Íslandi og Svíþjóð hinn 19. febrúar 2025. Tillögur sem væru til umfjöllunar á fundinum, ásamt skýringum við þær, hefðu verið birtar á vefsíðu bankans og eftir atvikum í upplýsingakerfi Nasdaq, auk þess sem þær hefðu verið aðgengilegar hluthöfum í höfuðstöðvum bankans.

Lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan til að afgreiða þau málefni sem á dagskrá hans væru.

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að fundurinn væri aðalfundur vegna rekstrarársins 2024.

Þá fór fundarstjóri stuttlega yfir fyrirkomulag atkvæðagreiðslu á fundinum, að hún væri rafræn og færi einungis fram með rafræna kosningakerfinu Lumi AGM. Var enn fremur tekið fram að hluthöfum, eða umboðsmönnum þeirra, gæfist kostur á senda inn fyrirspurnir og athugasemdir með rafrænum hætti í gegnum kerfið.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar um rekstur, starfsemi og hag bankans á síðasta reikningsári
2. Staðfesting ársreiknings bankans og samstæðureiknings fyrir síðastliðið reikningsár
3. Ákvörðun um greiðslu arðs
4. Kosning stjórnar bankans, stjórnarformanns og varaformanns stjórnar
5. Kosning endurskoðunarfélags
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna bankans og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar
7. Ákvörðun um þóknun til nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans
8. Kosning tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans
9. Kosning eins nefndarmanns í endurskoðunarnefnd bankans
10. Tillaga um heimild stjórnar til að samþykkja kaupréttaráætlun
11. Tillaga að breytingum á starfskjarastefnu bankans
12. Tillaga um lækkun hlutafjár til jöfnunar á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum

13. Heimild til útgáfu breytanlegra skuldabréfa viðbótar eiginfjárpáttar 1 og samsvarandi breyting á samþykktum

14. Tillaga um endurnýjun á heimild bankans til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum

15. Tillögur að breytingum á samþykktum bankans

16. Tillaga að breytingu á starfsreglum tilnefningarnefndar bankans

17. Önnur mál

Fundarstjóri lagði til að dagskrárliðirnir skýrsla stjórnar og staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið starfsár, þ.e. liðir 1 og 2, yrðu teknir saman til umræðu eftir kynningu á ársreikningi. Enginn hreyfði andmælum við því. Fundarstjóri upplýsti jafnframt um að ársskýrsla- og áhættuskýrsla bankans væru aðgengilegar á rafrænu formi á vef bankans.

1. Skýrsla stjórnar um rekstur, starfsemi og hag bankans á síðasta reikningsári

Paul Horner, stjórnarformaður Arion banka hf., tók til máls og gerði grein fyrir skýrslu stjórnar um rekstur, starfsemi og hag bankans á síðastliðnu reikningsári.

Fundarstjóri upplýsti að 129 hluthafar eða fulltrúar þeirra væru mættir á fundinn sem samtals færu með 918.389.309 atkvæði sem næmi 65,54% hlutafjár í Arion banka hf.

2. Staðfesting ársreiknings bankans og samstæðureiknings fyrir síðastliðið reikningsár

Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka hf., gerði grein fyrir ársreikningi bankans fyrir síðastliðið starfsár.

Að lokinni ræðu bankastjóra gaf fundarstjóri hluthöfum tækifæri á að tjá sig í tengslum við ársreikning bankans og skýrslu stjórnar.

Engar fyrirspurnir eða athugasemdir bárust.

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar:

Stjórn bankans leggur til að ársreikningur bankans og samstæðureikningur vegna ársins 2024 verði samþykktur.

Var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

3. Ákvörðun um greiðslu arðs

Fundarstjóri fór yfir eftirfarandi tillögu stjórnar:

Stjórn bankans leggur til að greiddur verði arður til hluthafa bankans sem nemur 11,5 kr. á hlut, sem jafngildir um 16 milljarða króna, að teknu tilliti til eigin bréfa bankans.

Ef tillaga um arðgreiðslu verður samþykkt verður arðleysisdagur (e. ex-date), þ.e. sá dagur sem viðskipti hefjast með bréf bankans án réttar til arðs, 13. mars 2025.

Arðsréttindadagur (e. record date) verður 14. mars 2025. Hluthafar tilgreindir í hlutaskrá bankans í lok arðsréttindadags eiga tillall til arðs.

Útborgunardagur (e. payment date) verður 20. mars 2025.

Fundarstjóri gaf hluthöfum tækifæri til að taka til máls. Engar athugasemdir eða fyrirspurnir bárust.

Var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

4. Kosning stjórnar bankans, stjórnarformanns og varaformanns stjórnar

Fundarstjóri tók fram, að samkvæmt lögum og samþykktum bankans, bæri að kjósa stjórn á aðalfundi bankans. Samkvæmt samþykktum bankans skyldi aðalstjórn bankans skipuð 5-8 mönnum og varastjórn allt að þremur, en fundarstjóri tjáði fundarmönnum að stjórn bankans hefði ákveðið að kosningu stjórnar bankans yrði þannig háttað að aðalstjórn yrði skipuð fimm einstaklingum og varastjórn tveimur.

Fram kom í máli fundarstjóra að samkvæmt samþykktum bankans skuli þeir sem hyggjast gefa kost á sér í aðalstjórn bankans tilkynna um framboð sitt til stjórnar bankans eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir upphaf hluthafafundar.

Eftirtaldir aðilar gáfu kost á sér til setu í aðalstjórn bankans:

- Gunnar Sturluson
- Kristín Pétursdóttir
- Marianne Gjertsen Ebbesen
- Paul Horner
- Steinunn Kristín Þórðardóttir

Fundarstjóri tók fram að upplýsingar um frambjóðendur, sem veita ber samkvæmt 63. gr. a. laga um hlutafélög, þ.e. nafn, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu auk upplýsinga um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila bankans hefðu komið fram í skýrslu tilnefningarnefndar, sem hefði verið birt á heimasíðu félagsins.

Í máli fundarstjóra kom fram að tilnefningarnefnd hefði í skýrslu sinni lagt til að framangreindir einstaklingar yrðu kjörnir í aðalstjórn bankans.

Fundarstjóri tók fram að þar sem engin frekari framboð hefðu borist væru framangreindir aðilar sjálfkjörnir í stjórn félagsins, án þess að sérstakt stjórnarkjör færi fram.

Því næst var komið að kosningu í varastjórn bankans.

Fundarstjóri tók fram að samkvæmt samþykktum bankans skyldu þeir sem hygðust gefa kost á sér í varastjórn bankans tilkynna um framboð sitt til varastjórnar eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir upphaf hluthafafundar.

Eftirtaldir aðilar gáfu kost á sér til setu í varastjórn:

- Einar Hugi Bjarnason
- Sigurbjörg Ólafsdóttir

Í máli fundarstjóra kom fram að tilnefningarnefnd hefði lagt til að þau Einar og Sigurbjörg verði kjörin í varastjórn.

Fundarstjóri tók fram að þar sem önnur framboð til varastjórnar bankans hefðu ekki komið fram væru ofangreindir aðilar sjálfkjörnir í varastjórn bankans, án þess að það kæmi til sérstakrar kosningar.

Í stjórn Arion banka sitja því nú:

- Gunnar Sturluson
- Kristín Pétursdóttir
- Marianne Gjertsen Ebbesen
- Paul Horner

- Steinunn Kristín Þórðardóttir

og varamenn eru:

- Einar Hugl Bjarnason
- Sigurbjörg Ólafsdóttir

Þá fór fram kosning formanns stjórnar.

Fundarstjóri nefndi að tilnefningarnefnd hefði lagt til að Paul Horner yrði endurkjörinn formaður stjórnar. Fór því næst fram kosning stjórnarformanns úr hópi aðalmanna í stjórn. Var Paul Horner endurkjörinn formaður stjórnar bankans.

Loks fór fram kosning varaformanns stjórnar.

Í máli fundarstjóra kom fram að tilnefningarnefnd legði til að Kirstín Pétursdóttir yrði endurkjörin varaformaður stjórnar. Fór því næst fram kosning varaformanns stjórnar úr hópi aðalmanna í stjórn, að nýendurkjörnum stjórnarformanni undanskildum. Var Kristín Pétursdóttir endurkjörin varaformaður stjórnar bankans.

5. Kosning endurskoðunarfélags

Fundarstjóri bar upp eftirfarandi tillögu stjórnar:

Stjórn bankans leggur til að Deloitte ehf. verði kjörið til að halda áfram hlutverki sínu sem ytri endurskoðandi bankans fram að næsta aðalfundi. Byggir sú tillaga á samningi milli Arion banka og Deloitte ehf. frá desember 2024 og 90. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Fundarstjóri gaf hluthöfum tækifæri til að taka til máls. Engar athugasemdir eða fyrirspurnir bárust.

Fundarstjóri bar tillöguna upp til samþykkis fundarins og var hún samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða.

6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna bankans og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar

Fundarstjóri greindi frá því að eftirfarandi tillaga stjórnar um þóknun stjórnarmanna, nefndarmanna í undirnefndum stjórnar, og varamanna stjórnar hefði verið lögð fram:

Lagt er til að mánaðarlaun stjórnarmanna verði 600.000 kr., mánaðarlaun varaformanns verði 900.000 kr. og mánaðarlaun stjórnarformanns verði 1.200.000 kr. Stjórnarmenn búsettir erlendis skulu auk þess fá greiddar 387.500 kr. fyrir hvern stjórnarfund sem þeir sækja í persónu.

Þar að auki verði heimilt að greiða þeim stjórnarmönnum sem sitja í undirnefndum stjórnar 250.000 kr. í mánaðarlaun fyrir hverja nefnd og formönnum stjórnarnefnda 375.000 kr. í mánaðarlaun.

Lagt er til að stjórnarlaun varamanna verði 600.000 kr. á ári. Auk þess skulu varamenn stjórnar fá greiddar 300.000 kr. fyrir hvern setinn stjórnarfund, en þó aldrei meira en 600.000 kr. á mánuði.

Stjórnarmenn búsettir erlendis skulu fá ofangreindar fjárhæðir greiddar í viðeigandi heimagjaldmiðli, miðað við meðaltal opinbers viðmiðunargengis síðustu þriggja ára fyrir aðalfundardag 2025.

Fundarstjóri tók fram að í greinargerð stjórnar með tillögunni, sem legið hefur fyrir á heimasíðu bankans, væri vísað til skýrslu tilnefningarnefndar bankans enda byggðist tillagan á tillögum tilnefningarnefndar. Fundarstjóri rakti stuttlega úr skýrslu tilnefningarnefndar varðandi tillöguna.

Var hluthöfum gefinn kostur á að tjá sig um tillöguna, en enginn tók til máls. Voru atkvæði því næst greidd um tillöguna og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

7. Ákvörðun um þóknun til nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans

Fundarstjóri lýsti að fyrir fundinum lægi eftirfarandi tillaga stjórnar:

Stjórn bankans leggur til að þóknun til nefndarmanna í tilnefningarnefnd verði fast tímagjald sem nemur 29.250 kr.

Var hluthöfum gefinn kostur á að tjá sig um tillöguna, en enginn tók til máls. Voru atkvæði því næst greidd um tillöguna og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

8. Kosning tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans

Fundarstjóri gerði hluthöfum grein fyrir því að samkvæmt þessum lið stæði til að kjósa tvo af þremur nefndarmönnum í tilnefningarnefnd, í samræmi við samþykktir bankans og starfsreglur tilnefningarnefndar. Þriðji nefndarmaðurinn skyldi vera formaður stjórnar bankans eða annar stjórnarmaður sem skipaður yrði af stjórn bankans.

Fundarstjóri kynnti hluthöfum því næst nöfn frambjóðenda og voru þeir eftirtaldir:

- Auður Bjarnadóttir
- Júlíus Þorfinnsson

Fundarstjóri tók fram að þar sem önnur framboð til tilnefningarnefndar hefðu ekki komið fram væru framangreindir aðilar sjálfkjörnir í tilnefningarnefnd.

9. Kosning eins nefndarmanns í endurskoðunarnefnd bankans

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar bankans þess efnis að Heimir Þorsteinsson, kt. 200670-3889, yrði kjörinn í endurskoðunarnefnd bankans, en tekið var fram að Heimir hefði að undanfögnu átt sæti í nefndinni.

Rakti fundastjóri greinargerð stjórnar með tillögunni.

Var hluthöfum gefinn kostur á að tjá sig um tillöguna, en enginn tók til máls. Því næst voru atkvæði greidd um tillöguna og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

10. Tillaga um heimild stjórnar til að samþykkja kaupréttaráætlun

Fundarstjóri gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu stjórnar bankans um heimild stjórnar til að samþykkja kaupréttaráætlun:

Stjórn bankans leggur til við aðalfund, að stjórn verði veitt heimild til að samþykkja kaupréttaráætlun í samræmi við 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og heimili féluginu að gera kaupréttarsamninga við starfsfólk bankans og dótturfélaga bankans, um kaup á hlutum í bankanum að fjárhæð allt að 1.500.000 kr. að markaðsvirði á ári hverju í fimm ár.

Gat fundarstjóri þess enn fremur að samkvæmt greinargerð stjórnar með tillögunni kæmi fram að í samræmi við samþykki aðalfundar Arion banka árið 2020 hefði verið í gildi fimm ára kaupréttaráætlun skv. 10. gr. laga um tekjuskatt sem reynst hefði árangursrík. Þar sem núgildandi áætlun félli úr gildi árið 2026 væri lagt til að stjórn bankans yrði veitt heimild til að innleiða nýja fimm ára kaupréttaráætlun þegar núverandi kaupréttaráætlun félli úr gildi. Þá var þess jafnframt getið að gert væri ráð fyrir að fastráðnum starfsmönnum bankans myndi gefast kostur á að kaupa hluti í bankanum fyrir allt að 1.500.000 kr. á ári, miðað við skilgreint kaupverð, sbr. ákvæði 10. gr. laga um tekjuskatt.

Athugasemd barst í gegnum Lumi kerfið, þar sem spurst var fyrir um hvort að kauprétturinn væri fyrir allt starfsfólk. Fundastjóri svaraði þeirri athugasemd og upplýsti um að ákvæðið ætti við alla fastráðna

starfsmenn samstæðunnar, sem unnið hefðu í tilskilinn tíma hjá samstæðunni. Jafnframt barst athugasemd þess efnis að um góða tillögu væri að ræða. Aðrar athugasemdir bárust ekki.

Var tillagan því næst borin undir atkvæði og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

11. Tillaga stjórnar um breytingu á starfskjarastefnu bankans

Fundarstjóri gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu stjórnar um breytingar á starfskjarastefnu bankans:

Stjórn bankans leggur til breytingar á starfskjarastefnu bankans. Í fyrsta lagi er lagt til að bætt verði nánari tilvísun til þeirra laga og reglugerða sem starfskjarastefnan byggir á. Þá er lagt til að starfskjarastefnunni verði breytt þannig að heimilt verði að greiða starfsfólki eftirlitseininga bankans fastar árlegar uppbótargreiðslur, sem teljast hluti af föstum starfskjörum þeirra. Lagt er til að uppbótargreiðslurnar nemi ekki hærra hlutfalli en 10% af árlegum starfskjörum hlutaðeigandi starfsfólks sem útfært yrði í viðauka við ráðningarsamning þeirra til tiltekins tíma. Loks eru lagðar til breytingar á VIII. kafla starfskjarastefnunnar þar sem upplýst verði með frekari hætti um mælikvarða kaupaukakerfis bankans sem lýtur að mati ytri matsaðila á sjálfbærniáhættu bankans sem og að texti kaflans verði stytur og einfaldaður.

Fundarstjóri tók fram að drög að uppfærðri starfskjarastefnu, ásamt greinargerð, hefðu legið fyrir á heimasíðu félagsins fyrir fundinn. Jafnframt rakti fundarstjóri greinargerð stjórnar með tillögunni.

Fundarstjóri gaf hluthöfum tækifæri til að taka til máls. Engar athugasemdir eða fyrirspurnir bárust.

Fundarstjóri bar tillöguna upp til samþykkis fundarins og var hún samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða.

12. Tillaga um lækkun hlutafjár til jöfnunar á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum

Fundarstjóri tók fram að fyrir fundinum lægi tillaga stjórnar um lækkun hlutafjár til niðurfellingar á eigin hlutum. Tillaga stjórnar væri svohljóðandi:

„Aðalfundur Arion banka hf., haldinn þann 12. mars 2025, samþykkir að lækka hlutafé bankans um 93.423.078 kr. að nafnverði, eða sem nemur 93.423.078 hlutum, til jöfnunar eigin hluta, úr 1.513.423.078 kr. í 1.420.000.000 kr. að nafnverði. Lækkunin verður framkvæmd með niðurfellingu eigin hluta bankans að framangreindri fjárhæð, að uppfylltum skilyrðum laga.“

Tillagan felur í sér breytingu á grein 2.1 samþykktu bankans þannig að umrætt ákvæði samþykktanna verði eftirleiðis svohljóðandi:

„Hlutafé félagsins er kr. 1.420.000.000,00 – einn milljarður fjögur hundruð og tuttugu milljónir króna.“

Fundarstjóri las greinargerð stjórnar með tillögunni. Fundarstjóri gaf hluthöfum því næst tækifæri til að tjá sig um tillöguna. Engar fyrirspurnir eða athugasemdir bárust.

Var síðan gengið til atkvæða um tillöguna. Tillagan var samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða.

13. Heimild til útgáfu breytanlegra skuldabréfa viðbótar eiginfjárpáttar 1 og samsvarandi breyting á samþykktum

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um breytingu á samþykktum bankans, til að endurnýja heimild stjórnar til útgáfu breytanlegra skuldabréfa sem teldust til eiginfjárpáttar 1, til ársins 2030. Þá nefndi fundarstjóri að í greinargerð með tillögunni kæmi fram að tillagan væri tilkomin vegna endurnýjunar á heimild sem aðalfundur veitti stjórn bankans árið 2021, og kæmi nú fram í greinum 3.6 og 3.4 í samþykktum félagsins. Tillagan miðaði við að grein 3.6 breyttist og yrði grein 3.3. Grein 3.4 yrði síðan uppfærð þannig að heimild stjórnar til útgáfu breytanlegra skuldabréfanna, sem þar væri vísað til, gildi til 2030.

Tillaga stjórnar væri því svohljóðandi:

Stjórn bankans leggur til að aðalfundur samþykki breytingar á samþykktum bankans til að endurnýja heimild stjórnar til útgáfu breytanlegra skuldabréfa sem teljast til eiginfjárbáttar 1 til ársins 2030.

Ef tillagan fæst samþykkt verða ákvæði 3.3 og 3.4 svohljóðandi:

„Með vísan til ákvörðunar hluthafafundar þann 16. mars 2021 („ákvörðun hluthafafundar 2021“), voru hinn 24. september 2024 gefin út breytanleg skuldabréf („skuldabréfin“), sem uppfylla kröfur sem viðbótar eiginfjárbáttur 1 samkvæmt 51. og 52. gr. reglugerðar ESB nr. 575/2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki (CRR), að upphaflegri fjárhæð samtals USD 125,000,000 og skráð í kauphöllinni í Lúxemborg. Skuldabréfin eru varanleg (án gjalddaga), víkjandi og breytanleg og gefin út undir EUR 3.000.000.000 EMTN útgáfuramma félagsins. Er stjórn félagsins heimilt að gefa út nýja hluti í félaginu til að efna skuldbindingar félagsins samkvæmt skuldabréfunum. Fjárhæð skuldabréfanna og skilyrði umbreytingarinnar er ákvörðuð þannig að heildarfjöldi hluta sem heimilt er að gefa út við umbreytingu („umbreytingarhlutirnir“), á grundvelli þessarar heimildar, skulu ekki verða fleiri en 172.176.309 hlutir. Hámarksfjöldi umbreytingarhlutanna sem heimilt er að gefa út við umbreytingu skuldabréfanna getur aukist samkvæmt skilmálum og skilyrðum skuldabréfanna, s.s. vegna hvers kyns útgáfu hluta á lægra verði en markaðsverði, útgáfu jöfnunarhluta, útgáfu áskriftarréttinda á lægra verði en markaðsverði, hvers kyns annarrar útgáfu fjármálagerninga til hluthafa í heild eða útgáfu annarra breytanlegra gerninga, umbreytingu breytanlegra gerninga annarra en skuldabréfanna, skiptingar hlutafjár (e. share split), samruna, yfirtöku, arðsúthlutunar eða sambærilegra félagaréttarlegra atburða (þ.m.t. slit félagsins, t.d. við samruna eða skiptingu). Skuldabréfin eru breytanleg í umbreytingarhlutina í samræmi við skilmála skuldabréfanna ef umbreytingar atburður (eins og það hugtak er skilgreint í skilmálum skuldabréfanna) á sér stað á meðan skuldabréfin eru útistandandi. Umbreytingarhlutirnir skulu við umbreytingu teljast greiddir að fullu og veita sömu réttindi og fela í sér sömu skyldur og aðrir hlutir í félaginu í samræmi við samþykktir þessar. Með vísan til ákvörðunar hluthafafundar 2021, hafa hluthafar félagsins afsalað sér forgangsrétti sínum til áskriftar í tengslum við útgáfu umbreytingarhlutanna.

Aðalfundur haldinn hinn 12. mars 2025 veitir stjórn bankans heimild, á tímabilinu fram að aðalfundi bankans árið 2030, í eitt eða fleiri skipti, með frávikum frá hvers kyns forgangsrétti hluthafa, til að gefa út breytanleg skuldabréf að hámarki að fjárhæð kr. 20.000.000.000 eða samsvarandi fjárhæð í öðrum gjaldmiðlum („nýju skuldabréfin“), sem uppfylla kröfur sem viðbótar eiginfjárbáttur 1 samkvæmt 51. og 52. gr. reglugerðar ESB nr. 575/2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki (CRR). Nýju skuldabréfin skulu vera varanleg (án gjalddaga), víkjandi og breytanleg í hluti í félaginu. Er stjórn félagsins heimilt að gefa út nýja hluti í félaginu til að efna skuldbindingar félagsins samkvæmt nýju skuldabréfunum. Endanleg fjárhæð nýju skuldabréfanna og skilyrði umbreytingarinnar skulu ákvörðuð þannig að heildarfjöldi hluta sem heimilt er að gefa út við umbreytingu („nýju umbreytingarhlutirnir“), á grundvelli þessarar heimildar, skulu ekki verða fleiri en 600.000.000 hlutir. Hámarksfjöldi nýrra umbreytingarhluta sem heimilt er að gefa út við umbreytingu nýju skuldabréfanna getur þó aukist samkvæmt skilmálum og skilyrðum nýju skuldabréfanna, s.s. vegna hvers kyns útgáfu hluta á lægra verði en markaðsverði, útgáfu jöfnunarhluta, útgáfu áskriftarréttinda á lægra verði en markaðsverði, hvers kyns annarrar útgáfu fjármálagerninga til hluthafa í heild eða útgáfu annarra breytanlegra gerninga, umbreytingu breytanlegra gerninga annarra en nýju skuldabréfanna, skiptingar hlutafjár (e. share split), samruna, yfirtöku, arðsúthlutunar eða sambærilegra félagaréttarlegra atburða (þ.m.t. slit félagsins, t.d. við samruna eða skiptingu). Nýju skuldabréfin skulu vera breytanleg í nýja umbreytingarhluti í samræmi við skilmála nýju skuldabréfanna. Nýju skuldabréfin skulu ekki umbreytanleg að vali skuldabréfaeigenda. Nýju umbreytingarhlutirnir skulu við umbreytingu teljast greiddir að fullu og veita sömu réttindi og fela í sér sömu skyldur og aðrir hlutir í félaginu í samræmi við samþykktir þessar. Hluthafar félagsins afsala sér forgangsrétti sínum til áskriftar í tengslum við útgáfu nýju umbreytingarhlutanna. Stjórn skal ákveða alla aðra skilmála og skilyrði vegna útgáfu á grundvelli þessarar heimildar.“

Fundarstjóri gaf hluthöfum því næst tækifæri til að tjá sig um tillöguna. Engar athugasemdir eða fyrirspurnir bárust.

Var síðan gengið til atkvæða um tillöguna. Tillagan var samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða.

14. Tillaga um endurnýjun á heimild bankans til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum

Fundarstjóri tók fram að fyrir fundinum lægi tillaga um endurnýjun heimildar stjórnar til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breytingu á samþykktum:

Stjórn bankans leggur til að eftirfarandi tillaga um kaup á eigin hlutum verði samþykkt. Jafnframt er lagt til að verði tillagan samþykkt verði heimildarinnar getið í viðauka nr. 1 við samþykktir bankans, í stað núverandi viðauka nr. 1 sem fellur niður og skal viðaukinn vera hluti samþykktanna þann tíma sem heimildin er í gildi í sbr. grein 7.1 samþykktu bankans. Tillagan er svohljóðandi:

„Aðalfundur Arion banka hf. haldinn 12. mars 2025 samþykkir að veita stjórn bankans heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, til að kaupa fyrir hönd bankans eigin hluti, þannig að félagið og dótturfélög eigi samanlagt allt að 10% af hlutafé bankans. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup bankans á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Hlutabréf sem bankinn eignast á grundvelli heimildar þessarar má m.a. nota í þeim tilgangi að uppfylla skuldbindingar félagsins samkvæmt kaupréttarsamningum, sem gerðir eru á milli félagsins og starfsfólks þess, sem og til greiðslu kaupauka, í samræmi við starfskjarastefnu og kaupaukakerfi bankans. Framkvæmd endurkaupa á grundvelli heimildar þessarar er háð því skilyrði að fyrir fram samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, samkvæmt 77. gr. reglugerðar ESB nr. 575/2013 um varfærnisröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki, hafi verið veitt.

Heimild þessi gildir fram að aðalfundi bankans árið 2026 en hafi hann ekki farið fram 12. september 2026 rennur hún út í síðasta lagi þann dag. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar. Slík afturköllun skal þó ekki hafa áhrif á endurkaupaviðskipti sem eru þegar hafin, eða þegar hefur verið stofnað til, fyrir þann dag.“

Fundarstjóri las greinargerð stjórnar með tillögunni. Fundarstjóri gaf hluthöfum því næst tækifæri til að tjá sig um tillöguna. Engar athugasemdir eða fyrirspurnir bárust.

Var síðan gengið til atkvæða um tillöguna. Var tillagan samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða.

15. Tillögur að breytingum á samþykktum bankans

Fundarstjóri tók fram að fyrir fundinum lægu fyrir eftirfarandi tillögur að breytingum á samþykktum bankans:

Stjórn bankans leggur til að á aðalfundi Arion banka verði samþykktar eftirfarandi breytingar á samþykktum bankans:

(a) Að ákvæði 17.3 verði breytt og verði sem hér segir:

„Þeir einstaklingar sem hyggjast gefa kost á sér í stjórnarkjöri skulu með skriflegum hætti tilkynna félagsstjórn um framboð eigi síðar en fjórtán (14) sólarhringum fyrir upphaf þess hluthafafundar þar sem stjórnarkjör skal fara fram. Í tilkynningunni skulu frambjóðendur veita upplýsingar um nafn sitt, kennitölu, heimilisfang, aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skulu frambjóðendur einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa félagsins sem eiga meira en 10% hlut í því. Sama gildir um þá einstaklinga sem hyggjast gefa kost á sér í tilnefningarnefnd félagsins.“

(b) Að ákvæði 3.3 falli brott.

(c) Að ákvæði 3.5 og viðauki II falli brott.

Fundarstjóri las greinargerð stjórnar með tillögunni. Fundarstjóri tók fram að drög að uppfærðum samþykktum hefðu legið fyrir á heimasíðu félagsins.

Fundarstjóri gaf hluthöfum því næst tækifæri til að tjá sig um tillögurnar. Engar athugasemdir eða fyrirspurnir bárust.

Fundarstjóri lagði til að kosið yrði um tillögurnar í heild. Engin andmæli bárust. Var því næst gengið til atkvæða um tillögurnar. Voru tillögurnar samþykktar með tilskildum meirihluta atkvæða.

16. Tillaga að breytingu á starfsreglum tilnefningarnefndar bankans

Fundarstjóri gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu stjórnar um breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar bankans:

(a) Að ákvæði 3. mgr. 3. gr. verði breytt og verði sem hér segir:

„Based on shareholders' proposals and submissions of candidacy, the Committee shall propose to the shareholders candidates to serve on the Board of Directors and publish its proposal along with other declarations of candidacy at least 10 days prior to the Annual General Meeting or other shareholder meetings where Board election is on the agenda. In its proposal for candidates, the Committee shall propose which candidate shall serve as the Chairman and the Vice Chairman of the Board of Directors of the Bank. The Committee shall also propose to the Annual General Meeting the remuneration payable to the members of the Board of Directors. The Committee's proposal of candidates and remuneration shall be sent to all shareholders or made publicly available.“

Þá rakti fundarstjóri að stjórn bankans hefði lagt til breytingu á framangreindri tillögu. Þá fór fundarstjóri skilmerkilega yfir breytingartillöguna og innihald hennar. Las fundastjóri greinargerð stjórnar með tillögunni. Breytingartillagan hljóðaði svo:

(a) Að ákvæði 3. mgr. 3. gr. verði breytt og verði sem hér segir:

„Based on shareholders' proposals and submissions of candidacy, the Committee shall propose to the shareholders candidates to serve on the Board of Directors and publish its proposal at least 21 days prior to the Annual General Meeting or other shareholder meetings where Board election is on the agenda. The Committee shall arrange for details of all candidates for Board election to be published no later than 10 days prior to such meeting. Following expiry of the deadline for Board candidacy, the Committee is authorised to update its proposal on Board candidates and publish its final proposal together with the list of Board candidates. In its proposal for candidates, the Committee shall propose which candidate shall serve as the Chairman and the Vice Chairman of the Board of Directors of the Bank. The Committee shall also propose to the Annual General Meeting the remuneration payable to the members of the Board of Directors. The Committee's proposal of candidates and remuneration shall be sent to all shareholders or made publicly available.“

Lagði fundarstjóri til að breytingartillaga stjórnar yrði fyrst borin undir atkvæði. Yrði hún samþykkt kæmi ekki til atkvæðagreiðslu um upphaflega tillögu stjórnar. Fundarstjóri gaf hluthöfum því næst tækifæri til að tjá sig um breytingartillöguna og fyrirkomulag atkvæðagreiðslunnar. Engar fyrirspurnir eða athugasemdir bárust.

Breytingartillagan var samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða.

17. Önnur mál

Fundarstjóri gaf stjórn bankans og fulltrúum hluthafa kost á að bera fram frekari fyrirspurnir eða athugasemdir.

Engar athugasemdir eða fyrirspurnir bárust og engin önnur mál voru tekin fyrir.

Þá var fundarmönnum boðið að hlýða á upplestur fundargerðar, kysu þeir svo. Enginn hluthafi óskaði eftir upplestri eða gerði athugasemdir við að fundarstjóri og fundarritari gengju frá fundargerð fundarins.

Paul Horner, endurkjörinn stjórnarformaður, tók til máls og þakkaði hluthöfum fyrir traustið. Bauð hann Marianne, nýkjörinn stjórnarmann, velkomna í stjórn og þakkaði Liv Fiksdal, fráfaramandi stjórnarmanni, fyrir samstarfið.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 17:47.

Undirritunarsíða

Fundarritari
Sólveig Rún Rúnarsdóttir

Fundarstjóri
Guðbjörg Helga Hjartardóttir